

Fimmtudaginn 3. september 1998.

Nr. 282/1998.

Anna María Valdimarsdóttir

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

gegn

Guðjóni Grétarssyni

(enginn)

Kærumál. Útburður. Frávísun máls frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 30. júní 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 6. júlí sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 24. júní 1998, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að honum yrði heimilt að láta bera sóknaraðila út úr íbúð á neðri hæð hússins að Álfaskeiði 127 í Hafnarfirði með beinni aðfarargerð. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að kröfu varnaraðila um aðfarargerð verði hafnað, svo og, að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit úr gerðabók sýslumannsins í Hafnarfirði, þar sem fram kemur, að útburðargerð hafi farið fram í samræmi við hinn kærða úrskurð 3. júlí 1998 og varnaraðila afhent umráð fyrrgreinds húsnæðis. Samkvæmt þessu verður sóknaraðili ekki talinn hafa lengur réttarhagsmuni af því, að úrskurður héraðsdómara komi til endurskoðunar, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar í dómasafni 1995, bls. 2026. Verður málinu því sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Málinu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.